

Rökstutt álit Umhverfisstofnunar á áhrifum hugsanlegrar mengunar olíubirgðastöðva á vegum Olíudreifingar ehf.

Umsóknir Olíudreifingar ehf. um starfsleyfi fyrir birgðastöðvar snúa að stöðvum sem þegar eru í rekstri á tíu stöðum á Íslandi. Mengunarhætta af slíkum rekstri er einkum ef olía sleppur úr stöðinni í óhappi eða vegna mistaka eða ófullnægjandi mengunarvarna. Hér á eftir er gerð grein fyrir afleiðingum af losun olíu í umhverfið:

Olía sem geymd er í olíubirgðastöð er blanda af náttúrulegum efnum úr plöntu- og dýraleifum eða steinefnum eða ýmsum manngerðum efnasamböndum og er sett saman úr tugum eða hundruðum efna. Samsetning olíunnar ræður eiginleikum hennar hverju sinni og áhrifum á lífríkið þegar hún berst fyrir slysi í umhverfið. Þeir eiginleikar sem mestu skipta þegar áhrif á umhverfið eru metin eru hversu þunnfljótandi olían er, hversu hratt hún gufar upp og hver massi (þykkt) hennar er, þ.e. hvort hún flýtur eða sekkur þegar hún berst í vatn eða sjó. Þegar olía dreifist í vatn eða sjó verða ýmsar breytingar á henni. Þar má nefna uppgufun dreifingu örfínna olíudropa í vatninu. Gagnstætt ferli er þegar olían kekkjast. Einnig getur átt sér stað náttúrulegt niðurbrot og set. Set er þegar olía sest á hafsbotn eða botn vatns. Nái sólin að hafa áhrif á olíuflekk geta ný efnasambönd myndast í olíunni.

Áhrif olíu á umhverfið eru margs konar og geta verið allt frá litlum áhrifum ef olía fer í sjó á opnu hafi, til þess að allt lífandi drepist í tilteknu lífríki. Leirur eða votlendi eru sérstaklega viðkvæm.

Mikill munur er á eitrunaráhrifum hrárrar olíu og unninna olíuafurða og dæmin sanna að verstu eitrunaráhrifin hafa orðið þegar bensín eða svipaðar olíuafurðir komast í snertingu við lífríki á afmörkuðu svæði. Þar skiptir hraði uppgufunar meginmáli og má því segja að eitrunaráhrif bensíns standi einungis í nokkrar klukkustundir andstætt við þungar olíur en verulegur munur er á eitrunaráhrifum hráolíuflekks sem nær landi stuttu eftir að hann kemst í sjóinn eða flekks sem hefur veðrast á rúmsjó dögum saman áður en hann nær landi.

Þungar olíur eins og hráolía og svartolía, sem ná landi fljótt eftir að þær fara í sjóinn geta einnig hreinlega *kæft* lífríki fjörunnar með því að leggjast yfir plöntur og dýr. Olíublautir fuglar eru líklega ein þekktasta birtingarmynd olíumengunar og er vissulega alvarleg en önnur minna sýnileg áhrif á gróður og dýralíf eru ekki síður alvarleg. Strendur sem eru skjólsælar og eru samsettar eru úr mjúku seti með leirum og votlendi, eru almennt viðkvæmstu svæðin gagnvart olíumengun.